

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, 1130. mál.

Stöðugar jarðhræringar, vatns- og rafmagnseysi, takmarkað aðgengi að mannlásum bæ og mikil mengun ásamt gríðarlegri óvissu eru helstu ástæður þess að við getum ekki notað húsnæði okkar að Hafnargötu 23 í Grindavík sem hýst hefur Vélsmiðjuna Suðupunkt ehf ásamt því að Rúnar málarari ehf hefur aðstöðu sína og lager í því sama húsnæði.

Í dag er staðan þannig að Suðupunktur hefur tekið á leigu iðnaðarbil í Hafnarfirði til að geta staðið við þá samninga sem gerðir höfðu verið og skilað þeim verkum á tilsettum tíma. Það húsnæði er mun minna og mun dýrari húsaleiga en það sem við höfðum í Grindavík og þar sem húsnæðið er mun minna er mjög erfitt að geta unnið á fullum afköstum. Með þessum flutningum á fyrirtækinu þá jókst rekstrarkostnaður mjög mikið auk þess að þurfa að greiða allan kostnað af húsnæðinu heima samhliða.

Rúnar málarari hefur flutt lagerinn sinn í geymslu á höfuðborgarsvæðinu þar sem enginn af hans viðskiptavinum eru lengur til staðar í Grindavík. Það hefur aukinn kostnað í för með sér.

Því stendur húsið ónotað og þar sem ekki sér fyrir endann á þessum náttúruhamförum þá sjáum við ekki fram á að það verði notað á meðan þessi óvissa er sem virðist engan endi taka.

Einnig eigum við iðnaðarhúsnæðið að Hafnargötu 25.

Það húsnæði hefur einnig staðið autt frá 10. nóvember en þar voru fyrirhugaðar framkvæmdir þar sem áætlað var að opna sjúkráþjálfunarstöð á þessu ári. Þær áætlanir eru brostnar vegna hamfaranna. Þetta húsnæði keyptum við í júlí s.l.

Þar sem okkar eigið fé er bundið í þessum fasteignum þá teljum við að uppkaup með forkaupsrétti myndu bjarga okkur. Þá gætum við farið að hjálpa okkur sjálf og komið okkur almennilega fyrir á öðrum stað og farið að skila fullum tekjum í ríkissjóð án þess að vera öðrum háð.

Varðandi tryggingamál. Það virðist allt vera fast í þeim efnum og ekki hægt að bæta við neinum tryggingum er varða Grindavík. Hvorki tæki, efni né neitt annað. Það er bara mjög alvarleg staða á sama tíma og ríkið heldur okkur bundnum við húsnæðið okkar þar.

Virðingarfyllt

F.h Runó 3 ehf kt: 530820-0840

Reykjavík 6. júní 2024

Rúnar Sigurður Sigurjónsson

Unnar Ástbjörn Magnússon